

**Söngdagskrá Ísaksskóla
Astrid Lindgren þema
3.- 5. mars 2010**

15. – 19. febrúar 2010

Hlustið góðu vinir

Langa langafi

Kalli á þakinu

Ronja Ræningjadóttir

Kisa mín

Lína Langsokkur

Smiðjukofinn

Grísinn dátt

Anímónusöngur

22. – 24. febrúar 2010

Foreldradagar 25. og 26. feb.

Hlustið góðu vinir

Langa langafi

Kalli á þakinu

Ronja Ræningjadóttir

Kisa mín

Lína Langsokkur

Smiðjukofinn

Grísinn dátt

Anímónusöngur

2. – 5. mars 2010

Skipulagsdagur mán. 1. mars

AL þemadagar 3.-5. mars

Ofangreind vísnalög á dagskrá

Sungið alla morgna kl 8:30

Kisa mín

Lag: Georg Riedel

Texti: AL/Kristján frá Djúpalæk

Kisa mín, kisa mín,

kisa litla grætur.

Veistu um, veistu um

vetrarmyrku nætur?

Litli grís, litli grís,

leggstu hér á feldinn.

Sé þér kalt, sé þér kalt,

settu sprek á eldinn.

Góða kýr, góða kýr,

gáfuleg í auga.

Bítur gras, bítur gras,

býr til skrýtna hauga

Kisa mín, kisa mín,

kúrir sig og malar.

Músasteik, músasteik,

malar um – og hjalar.

Lína langsokkur

Lag: Jan Johansson

Texti: AL/Kristján frá Djúpalæk

Hér sérðu Línu langsokk,

tralla hopp, tralla hei,

tralla hopp sa-sa.

Hér sérðu Línu langsokk

- já líttu – það er ég.

Hér skal nú glens og gaman

við getum spjallað saman.

Gáum hvað þú getur,

vinur, gettu hver ég er.

Verðlaun þér ég veiti

ef veistu hvað ég heiti.

Vaðir þú í villu,

þetta vil ég segja þér:

Hér sérðu Línu...

Svo þú sérð minn apa,
minn sæta, fína, litla apa.
Herrann Níels heitir,
já – hann heitir reyndar það.
Hérna höll mín gnæfir,
við himin töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri
eða frægðarmeiri stað?

Hér sérðu Línu...

Þú höll ei hefur slíka,
ég á hest og rottu líka.
Og kúffullan af krónum
einn kistil á ég mér.
Veri allir vinir,
velkomnir, einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið,
þá skal líf í tuskum hér.

Hér sérðu Línu...

Smiðjukofinn

Texti: Astrid Lindgren

Þú kæri smiðjukofi minn
hér kem ég enn til þín
að flýja‘ í náðarfaðminn þinn
sem fyrst er nauðsyn brýn.

*Smiðjukofi hopp fallala
og smiðjukofi hopp fallala
ég kem til þín hopp fallala
og skammast mín hopp fallala.*

Hér komst ég enn í kofann inn
hann kræktur aftur er
því fótahraður faðir minn
er fast á hælum mér.

Smiðjukofi hopp fallala...

Og nú skal benda endi á
mín ýmsu glappaskot
því greindi pabbi grimmur frá
og gnísti tannabrot.

Smiðjukofi hopp fallala...

Þú kæri smiðjukofi minn
já kær á alla lund
ég legg mig hér, ég látinn inn
og ligg þar góða stund.

Smiðjukofi hopp fallala...

Grísinn dátt

Lag: Georg Riedel

Texti: Astrid Lindgren

*Grísinn dátt
galar kátt
grenitrénu upp í hátt.
Læðist mús
heim í hús
hún vill fá sér snús.*

Lamb með hraði
lagar súkkulaði
Snati jarmar
galar grísinn smár

*Grísinn dátt
galar kátt
grenitrénu upp í hátt.
Kýrinn Hind
Ljómalind
lagar hrífutind.*

Anímónusöngur

Lag: SEBASTIAN
Texti: AL/Böðvar Guðmundsson

(Ronja fer í fyrsta sinn út í skóginn....)

Ljósan daginn anímónur anga,
fuglar syngja, flæðir geislaglit
um vanga.
Þegar rökkvar rökkuvættir ganga,
rassálfar og næturskrímsl
í trjánnum hanga.

*Ó anímónur,
blómin hreinu hyljið gengin spor
Ó, anímónur,
hvítu vinir, það er komið vor.*

Millispil á píanó (ekki sungið)

Ó anímónur....

Allan daginn allt á þönum þýtur,
allir keppast upp á sínar eigin spýtur.
Þegar rökkvar, stjarnan rauða lítur
lítinn dverg sem skelfdum, rauðum
augum gýtur.

*∴ Ó anímónur,
blómin hreinu hyljið gengin spor
Ó, anímónur,
hvítu vinir, það er komið vor ∴∴*

Langalangafi

Lag: Georg Riedel
Texti: AL/Kristján frá Djúpalæk

Langalangafi vaskur var,
í víking sigraði allsstaðar.
Karlinn sigldi glaður
um heimsins höf
og hoj og hoj og trallala.

Víkingaferðir voru sjá,
vegur til þess að auðgast á
og garpurinn lýðsins hylli hlaut
og hoj og hoj og trallala.

*Kvöl og krappur sjár,
karlinn var bleikur eins og nár,
alveg öskugrár,
oj oj oj oj oj*

Hafið æsist og hrönnin rís,
hjálpi nú guð í paradís.
Karlinn hræddur í koju skreið
og hoj og hoj og trallala.

Ronja Ræningjadóttir

Ronja Ræningjadóttir,
ræningjakónsins dóttir,
hver er hún, já hver er hún?
Laus við sorg og sóttir,
Lovísu og Matthíasardóttir.
Ronja Ræningjadóttir,
ræningjakónsins dóttir,
hvar býr hún, já hvar býr hún?
Má því enginn gleyma
í Matthíasarborg á Ronja heima.

Eðlilegt að lýði öllum líki,
loksins fæddist dóttir undursmá.
Hún skal erfa ræningjanna ríki.
Ræningjarnir Ronju dá,
ránsfeng sinn þeir henni fá,
hollustu þeir henni tjá.

Ronja Ræningjadóttir,
ræningjakónsinsdóttir,
óttast ei, nei óttast ei.
Hún að hættum leikum.
Matthías er meira en lítið smeykur.

Hlustið góðu vinir

Lag: Georg Riedel

Texti: AL

Hlustið góðu vinir
ég skal segja ykkur sögu
sem er kennd við Emil
og strákapör hans mörg.
Í Beykiskógum Smálanda
bjó hann fyrir löngu
bærinn hans hét Kattholt
og sveitin Skógartjörn.

*Já uppátækjum fjöldamörgum
upp á þar hann fann
og Emil það var nafnið hans
já Emil það hét hann.
Tralalallla...*

Hlustið góðu vinir
nú skal sögu af því segja
sem að Emil gerði
einn fagan dag í maí.
Upp í topp á fánastöng
hann hífði systur sína
svo hún fengi útsýni
yfir sveit og bæ.

*Já það sem hann lét ógert
var ekki kannski margt
og Ida varð að hanga þar
úr degi góðan part.*

Heimsins besti Kalli

Lag: Georg Riedel

*Kalli, Kalli,
heimsins besti Kalli
Kalli, Kalli,
hérna kemur Kalli*

*Kalli, Kalli,
engum líki Kalli
engin annar Kalli jafnast á við mig!*

*Kalli, Kalli,
heimsins besti Kalli
mæti, snjalli
og meðal granni Kalli
greindi, væni
gáfum prýddi Kalli
eitt er víst
að öllum líkar vel við mig!*

*Það æxlast þannig af og til
að einhver reiðist mér
og æpir að ég eyðileggi
eitthvað fyrir sér
ég hlusta ekki á harmagrát
né hégóma og þrjál
því fann ég stað
sem fyllir mína sál.*

*Á þakinu, húrra, húrra, húrra!
Á þakinu, húrra, húrra, húrra!
Á þakinu, já húrra fyrir mér!*

*Kalli, Kalli,
hérna kemur Kalli
klári, snjalli,
káti og hressi Kalli.
Hérna kemur
heimsins besti Kalli
Hrópum saman húrra fyrir mér!*